



GRINDAVÍKURBÆR

JÁRNGERÐUR

- fréttir af bæjarmálefnum - 4. tbl. 2011



Umsókn um jólaaðstoð 2011

Grindavíkurbær mun ekki senda út jólakort eða kveðjur í ár. Þess í stað mun andvirðið renna í árlega úthlutun Rauða krossins, Kvenfélags Grindavíkur, Lionsklúbbs Grindavíkur og Grindavíkurkirkju, til bágstaddra Grindvíkinga. Úthlutunin verður miðvikudaginn 14. desember n.k. og þarf að sækja um hana með því að hringja til sóknarprestsins í síma 426 8675 milli kl. 10 og 12 til þriðjudagsins 13. desember..

Einnig er hægt að fara í Grindavíkurkirkju, á sama tíma. Best er að prenta út umsókn á heimasíðunni, fylla hana út og fara með hana í Grindavíkurkirkju.



Jólahúsið 2011?

Jólin nálgast óðfluga og eru Grindvíkingar þekkir fyrir að skreyta húsin sín og nágrenni af miklum myndarskap. Í fyrra verðlaunuðu HS Orka og HS Veitur fyrir bestu jóla-skreytinguna í Grindavík og varð Blómakot fyrir valinu (sjá mynd að ofan). Leikurinn verður endurtekinn í ár og því eru Grindvíkingar hvattir til þess að skreyta sem aldrei fyrr. Tilnefningar um best skreytta jólahúsið skulu svo sendast á heimasidan@grindavik.is.

Friðarganga - tónleikar

Miðvikudaginn 14. des. kl. 09:00 verður friðarganga með vasaljósum í samstarfi leikskólanna, grunnskólans og tónlistarskólans. Markmið göngunnar er að efla samkennd og samhug með því að boða jákvæðni, gleði og kærleika meðal okkar. Slökkt verður á götuljósum. Sama dag kl. 20:00 verða jólatónleikar í Grindavíkurkirkju. Þar mun Kór Grindavíkurkirkju undir stjórn organista flytja jólalög úr ýmsum áttum, bæði innlend og erlend. Einsöngvari verður Hulda Björk Gardarsdóttir. Helga Bryndís Magnúsdóttir organisti flytur orgelverk eftir César Franck. Hulda Björk syngur um þessar mundir í uppferslu Íslensku óperunnar á Töfraflautunni, á minningartónleikum um Freddy Mercury í Hörpu og mun einnig syngja á Frostrósartónleikum ásamt Syssef Kirkjebo svo eitthvað sé nefnt. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og er aðgangseyrir kr. 1000, en ókeypis er fyrir börn og eldri borgara. Miðar verða seldir við innganginn en einnig verður hægt að kaupa miða í forsölu í Blómakoti.

Sáttmáli gegn einelti

Verkefnisstjórn í aðgerðum gegn einelti stóð fyrir sérstökum degi gegn einelti 8. nóvember 2011. Í tilefni dagsins var undirritaður Þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti og verður slíkt gert í Grunnskóla Grindavíkur 13. desember. Yfirskriftin er Sáttmáli gegn einelti:

Við undirrituð skuldbindum okkur til þess að vinna af alefli og einurð gegn einelti í samfélagi okkar. Við munum standa vörð um rétt folks til þess að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt. Við munum sérstaklega gæta réttar barna og ungmenna sem og einnig allra bópa sem ekki eiga sér málsvara eða sterka rödd. Við munum öll hvert á okkar sviði, skuldbinda okkur til þess að hafa ábrif til góðs á nánasta umhverfi okkar. Við ætlum að vera góðar fyrirmyndir og leggja okkar af mörkum til þess að vinna bug á því samfélagslega böli sem einelti er.

Afhent verða gul armbönd til nemenda sem gerð hafa verið í tilefni dagsins og bera yfirskriftina: **Jákvæð samskipti.**

Þá verður Friðarganga í Grindavík 14. desember í samstarfi leikskóla, grunnskóla ásamt tónlistarskóla.

Forsætisráðherra er verndari átaksins og velferðarráðherra, fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu sáttmálann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar

Einelti spyr ekki um aldur, þjóðfélagshópa eða kyn og það þrífst einfaldlega allsstaðar þar sem það er látið viðgangast. Ábyrgð okkar allra er því mikil og það er í okkar höndum að vinna bug á þessu þjóðfélagsmeini. Það er ekki flókið ef allir taka höndum saman og sammælast um ákveðna sátt, þjóðarsáttmála um jákvæð samskipti.

Vonast er til þess að sem flestir í Grindavík skrifi undir þjóðarsáttmálann og taki þátt í því að setja umræðuna um einelti í brennipil þennan dag – málefnið er brýnt og til mikils að vinna ef í sameiningu tekst að koma á þjóðarsáttmála um jákvæð og uppbyggileg samskipti.

Útrýmum einelti í Grindavík

Þann 8. nóvember sl. var opinber baráttudagur gegn einelti eins og kemur fram hér að ofan. Forvarnarteymi Grindavíkurbæjar gaf út bækling um einelti sem dreift var í öll hús í Grindavík en hann er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar.

Tilgangur bæklingins er að kalla eftir samstöðu í Grindavík gegn einelti.

Einelti er samfélagslegt mein sem gerir það að verkum að allt of stór hópur barna upplifir kvíða, óöryggi og ótta við það eitt að þurfa að fara í skólann á morgnana, í sund, á íþróttæfingu eða á leiksvæði.

Gerendur eineltis eru líka börn sem glíma við

erfiðleika og viðbrögð við hegðun þeirra eru ekki síður mikilvæg til að stuðla að velferð þeirra, en skilaboðin þurfa að vera alveg skýr: Ekkert barn á að komast upp með að niðast á öðrum.

Það á ekki að líðast í vel upplýstu samfélagi að umhverfið bregðist ekki hart við einelti.

Aðgerðaleyfi hinna fullorðnu gefur þolendum eineltis þau skilaboð að þau séu einskis virði eða eigi slæma framkomu skilið.

Í tengslum við eineltisdaginn var opnuð heimasíða: www.gegneinelti.is og eru Grindvíkingar hvattir til þess að fara þangað inn og kynna sér málefnið.

Bætt við barnið ykkar
 Þegar við höfum að þessu marki verið til staðar um óþægileg viðhorf og óþægileg umhverfi gegn börnum er það okkar skylda að vinna gegn þessum viðhorfum og umhverfi.

Forsvarsgildi viðborgna við einelti
 Einelti gegn börnum er í þessu umhverfi okkar og er okkar skylda að vinna gegn þessum viðhorfum og umhverfi.

Viðleggi við einelti
 Ef þessi texti ákveður um aðgerðir gegn einelti er okkar skylda að vinna gegn þessum viðhorfum og umhverfi.

Sýnum samstöðu í samfélaginu
 Þegar við höfum að þessu marki verið til staðar um óþægileg viðhorf og óþægileg umhverfi gegn börnum er það okkar skylda að vinna gegn þessum viðhorfum og umhverfi.

Við leggjum ekki aðra í einelti.

Þetta er samstarfsáttákvæði Grindavíkurbæjar og Grunnskólans í Grindavík. Þetta er samstarfsáttákvæði Grindavíkurbæjar og Grunnskólans í Grindavík.

Þetta er samstarfsáttákvæði Grindavíkurbæjar og Grunnskólans í Grindavík. Þetta er samstarfsáttákvæði Grindavíkurbæjar og Grunnskólans í Grindavík.

Er árangur í íþróttum mikilvægari en árangur í námi?

Það þarf breiðan hóp til að byggja upp jákvæðan og uppbyggilegan anda sem er forsenda þess að ná árangri. Það á við í öllu. Árangur byggist á skýrri framtíðarsýn, metnaði, góðri liðsheild og stuðningi fjölmargra aðila. Grunnskólasamfélagið í Grindavík er samsett af nemendum, kennurum, foreldrum, nærsamfélagi og bæjaryfirvöldum. Í þessum hópi eru rúmlega 1.000 manns. Það er hlutverk fullorðna fólksins, foreldra og kennara, að leiða nemendur í gegnum þann feril sem 10 ára grunnskólaganga er og hlutverk bæjaryfirvalda að skapa sem besta umgjörð um það starf sem fram fer í skólunum.

Umgjörðin hér í Grindavík er mjög góð, þó eflaust megi bæta hana enn frekar. Við erum með um 460 nemenda heildstæðan grunnskóla. Allir kennarar við skólann eru vel menntaðir og með kennsluréttindi. Hópurinn er áhugasamur og metnaðarfullur. Húsnæði skólans er eins og best verður á kosið og tæki og annar búnaður er mjög góður. Grindavíkurbær rekur félags- og skólaþjónustu sem sinnir einum skóla, tveimur leikskólum og einum tónlistarskóla auk félagsþjónustunnar. Þar erum við með frábært starfsfólk með fjölbreytta reynslu og þekkingu. Það eru ekki mörg sveitarfélög sem búa við það góða aðstöðu. Grindavík er mikill íþróttabær. Metnaðurinn er mikill og aðstæðan frábær. Grindvíkingar setta sig ekki við neitt annað en að vera í fremstu röð. Í hópi 10-15 bestu liða landsins. Sé miðað við samræmd próf er Grunnskóli Grindavíkur meðal 5 bestu grunnskóla á



Suðurnesjum, en vel fyrir neðan meðaltal á landsvísu. Að mínu mati ættum við að setja markið hærra, enda með allar forsendur til þess. Það sem upp á vantar er samstaða heimilis, skóla og bæjaryfirvalda með skýr markmið að leiðarljósi.

Á þeim stutta tíma sem ég hef búið hérna hef ég orðið var við metnað og áhuga foreldra á því að taka þátt í íþróttastarfinu með börnunum sínum. Þann sama metnað og áhuga vil ég sjá gagnvart skólastarfinu. Á aðalfundi foreldrafélagsins í nóvember mættu um 15 foreldrar, en nemendur grunnskólans eru um 460. Á foreldrafundi hjá 4. flokki karla mættu 18 foreldrar, en iðkendur eru um 20. Það er eitthvað skakkt við þessa mynd. Menntun barnanna okkar getur ekki verið minna spennandi en íþróttastarfið. Foreldrar verða að sýna sama metnað og stuðning við skólastarfið og þeir gera gagnvart

íþróttunum.

Samkvæmt grunnskólaögum bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Það gerum við með því að ræða við barnið sjálft og kennarana, og fara yfir stöðuna eftir hverja námslotu eða önn.

Hlutverk kennarans er að kenna nemandanum aðferðir og vinnulag, en mikilvægur hluti þjálfunarinnar fer fram heima með foreldrum. Svo dæmi sé tekið þá kenna kennarar börnum undirstöðuatriði í lestri og stærðfræði, en æfingin fer að mestu fram með aðstoð foreldranna. Ef foreldrar taka ekki virkan þátt í námi barnanna og sýna skólanum jákvæðan áhuga, þá er næsta víst að nemandinn mun eiga erfiðar uppdráttar í sínu námi.

Skólasamfélagið allt þarf að taka höndum saman um að byggja upp jákvæðan og uppbyggilega anda sem mun skila sér í enn betri námsárangri nemenda í Grindavík.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri.



EINU SINNI VAR...

Á myndinni má sjá mæðgurnar í Sjólyst: Jóna, Sigríður, Marín Margrét og Karólína.

Myndin er í eigu Sædisar Eyglóar Hansen.

Þetta er ein af fjölmörgum gömlum myndum á Ljósmyndavef Grindavíkurbæjar sem er í umsjá Bókasafns Grindavíkur. Þar er hægt að skoða margar frábærar myndir.

Slóðin er:
myndir.grindavik.is

Það er svo ótal margt skemmtilegt við það að vinna á bókasafni

- segir Margrét Rebekka Gísladóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur og forstöðumaður Bókasafns Grindavíkur

Bókasafn er ómissandi þáttur í starfsemi hvers sveitafélags en starfsemin fær oft ekki mikla athygli. Bókasafn Grindavíkur var á hrakhólum lengi vel en eftir að félagsheimilið Festi var byggt 1972 fékk safnið aðstöðu þar. Jón Sævar Baldvinsson, bókasafnsfræðingur, var ráðinn til safnsins árið 1979 og hann lagði grunninn að breyttum starfsaðferðum. Skömmu síðar tók Valgerður María Guðjónsdóttir við starfi bókavardar og hefur þjónustan og bókakostur aukist jafnt og þétt síðan. Sumarið 1992 flutti safnið svo í núverandi húsnæði að Víkurbraut 62. Núverandi forstöðumaður bókasafnsins er Margrét Rebekka Gísladóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur.

„Það er svo ótal margt skemmtilegt við það að vinna á bókasafni. Skemmtilegast finnst mér þegar börn koma í það sem við köllum skólaheimsókn í fyrsta skiptið og uppgötva bókasafnið. Þá er líka gaman að fá fyrirspurn um bók sem er um þetta eða hitt og er blá eða gul á litinn. Það skemmir heldur ekki að fá erfiðar fyrirspurnir sem þarf að hafa svoltið fyrir að leita svara við. Svo má ekki gleyma því hve skemmtilegt er að handleika nýja ólesna bók sem geymir í sér eitthvað óvænt og spennandi – og sjá ánægju lánþega yfir að ná í eintak sem búið var að bíða eftir,“ segir Margrét.

Safnkostur bókasafnsins telur rúmlega 18.000 eintök – sem er að mestu leyti inni á safninu, en elstu bækurnar eru í geymslu. Milli 180-220 fullorðnir og börn heimsækja bókasafnið í hverri viku og útlán voru um 15.500 eintök í fyrra. Því miður koma unglíngarnir ekki mikið á bókasafnið, nema þeir sem eru að leita upplýsinga og heimilda vegna náms, sem er mjög gott. Grunnskólanemendur koma flestir þegar lestrarátak er í gangi. Margrét segir það óskandi að fleiri börn og unglíngar uppgötvu ánægjuna sem fylgir lestri góðra bóka.

Fjölbreytt þjónusta

Bókasafnið býður upp á fjölbreytta þjónustu. „Við bjóðum upp á dagblöðin, Internetið, útrentun, upplýsingaþjónustu, plöstun og skönnun. Auk þess eru öll almenningsbókasöfnin á Reykjanesskaga í samvinnu, þannig að bókasafnsskrirteini í einu safni opnar aðgengi að öllum fimm. Einn lánþegi okkar stakk upp á að hafa skiptibókamarkað með enskar kiljur og við komum því á – ef þú átt nýlega enska kilju (frá 2005 eða yngri), getur þú skipt henni út fyrir aðra hjá okkur. Við reynum að vera hjálplegar í einu og öllu við lánþega okkar – ef við eigum ekki efnið er mögulegt að fá það í millisafnaláni, þ.e. við fáum það lánað frá öðru safni. Nokkur söfn á Suðurlandi og við, erum



Hver er Margrét?

Margrét er fædd á Ólafsfirði, uppalin í Reykjavík fram að fermingu, en flutti þá með foreldrum sínum og systkinum hingað til Grindavíkur. Hún vann eins og allir unglíngar á þeim tíma í fiski og humri og síðar í búð. Hún giftist ung Gunnari Vilbergssyni, nú umboðsmanni Sjóvá og eignuðumst þau þrjá syni og nú eru komin ellefu barnabörn, þannig að þau eiga stóra fjölskyldu. Hún vann í nær 22 ár hjá sýslumanni/bæjarfógeta í Grindavík. Um fertugt fór hún að sækja námskeið í Öldungadeild FS. Árið 1999 tók hún við Bókasafni Grindavíkur og sótti jafnframt nám í bókasafns- og upplýsingafræðum hjá Háskóla Íslands og lauk því námi árið 2003.

í samstarfi við Rauðakross Íslands um að senda á milli okkar kassa með pólskum skáldsögum.

Bókasöfnin í landinu hafa sameiginlega haft forgöngu um að kaupa aðgang að hinum ýmsu gagnasöfnum erlendis frá, (hvar.is), sem hafa hjálpað námsfólki og vísindasamfélaginu á margvíslegan hátt.

Þann 11.11. s.l. var opnuð ný leitargátt – **leitir.is** sem er hlið að þessu gagnasafni ásamt samskrá bókasafna – Gegnir.is, Ljósmyndasafni, tímaritum, ritgerðasafni, tónlist og mörgu fleiru. Þjónusta safnsins fer því ekki bara fram innan veggja þess heldur utan líka – að hluta til allan sólarhringinn!

Bókasafnið er einnig með á sínum snærum Ljósmyndasafni Grindavíkur, en þar inni eru nú yfir 2500 myndir frá ýmsum tímum. Mig langar að minna fólk á að hægt er að setja texta við mynd um leið og skoðað er, ef það þekkir til,“

segir Margrét.

Bókasafnið stendur fyrir ýmsum skemmtilegum uppakomum, eins og núna á adventunni í samstarfi við Bryggjuna.

„Við höfum haft fasta viðburði vor og haust, þ.e. Dag bókarrinnar þann 23.apríl og svo Norrænu bókasafnavíkuna í nóvember, oftast í sömu viku og Dagur íslenskrar tungu er haldinn – þann 16.nóv. Nokkrum sinnum fengum við rithöfunda til að lesa og spjalla auk þess sem nemendur grunnskólans komu oft og lásu upp texta úr sögubók eða ljóð og nemendur Tónlistarskólans komu og spiluðu. Við höfum prufað að fá skólakrakkana sem eru að æfa fyrir stóru upplestrarkeppnina til að koma og lesa upp úr nýjum barna- og unglíngabókum fyrir jólin. Það var hugsað sem æfing og til að gefa krökkunum tækifæri til að lesa fyrir fleiri en bekkjarfélagana. Það verður vonandi af því aftur. Við höfum haldið keppni fyrir krakkana í að skrifa glæpaögu um morð á bókasafninu og svo Örsögukeppni í vor.

Menningardagar Grindavíkur í mars/apríl hafa tekið svoltið yfir að vori undanfarið og áherslan verid á að fá rithöfunda til okkar þá vikuna.

Til að minna á safnið setjum við ýmislegt upp á vegg innanhúss sem tengist t.d. þema Norrænu bókasafnavíkkunnar og íslenskrar tungu. Þetta árið var þemað humor og því fuku nokkrir brandarar upp á vegg og svo ýmislegt til að sýna blæbrigði íslenskrar tungu.

Við erum líka í samstarfi við hin bókasöfnin á Reykjanesskaga um að halda bókmenntadagskrár til skiptis yfir vetrarmánuðina með styrk frá Menningarráði Suðurnesja. Okkar kvöld verður í október 2012. Safnið er svo nú í desember í samstarfi með eigendum Bryggj-

unnar um bókmenntakvöld eða bókakonfekt og fáum við ýmsa höfunda í upplestur og bókaspjall á Bryggjunni. Þessi kvöld eru í desember og ég hvet alla áhugasama um bækur og bóklestur að koma og njóta, því það verður örugglega mikil skemmtun,“ segir Margrét.

Þröngur kostur

Óhætt er að segja að aðstaða bókasafnsins sé í þröngri kantinum.

„Allt frá því að ég tók við bókasafninu fyrir bráðum 13 árum, hef ég beðið um stærra húsnæði, en aldrei verið bænheyrð. Safnið er ekki stórt – aðeins 125 fermetrar og við nýtum rýmið eins vel og unnt er. Staðsetningin er góð, en gólfplássið alltof lítið. Við höfum örlítið rými í sameiginlegri geymslu með bæjarskrifstofunni á þriðju hæð, að öðru leyti er „geymslan“ líka í efstu hillunum og sums staðar líka í neðstu hillunum og kössum inni á safninu. Aðstaða fyrir börn er allt of lítil og þröng og unglingarnir finna sér ekki samastað innan okkar veggja, því miður. Aðstaðan setur okkur skorður, en neyðin kennir naktri konu að spinna – við höfum t.d. tekið yfir ganginn framan við safnið, stundum í óþökk þeirra sem þar fara um og svo er salur bæjarstjórnar oftast fenginn að láni fyrir viðburði.“

Uppi eru hugmyndir að sameina bókasafnið og skólabókasafnið. Hvernig hugnast þér það?

„Mér hugnast það engan veginn. Hugmyndin um sameiningu kom fyrst fram 2003-4 og svo aftur núna. Ætlunin var að nýta gamla leikfimisalinn, sem er af og frá í mínum huga. Ef salurinn verður rifinn þar – er erfitt að standa á móti slíku... ef við höfum efni á að gera það af myndarskap og framsýni. Annars er betra heima setið en af stað farið.“

Hversu mikla þýðingu hefur bókasafnið fyrir samfélagið okkar?

„Ég held að lögin sem í gildi eru (þó þau séu barn síns tíma) segi það sem segja þarf: „Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu



Frá sumarlestrarkeppni bókasafnsins. Stephanie Júlía fær viðurkenningu frá Margréti.

almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.“

Þau eiga að vera upplýsinga- og menningarstofnanir sem veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti, tölvubúnaði og (rafrænum) upplýsingum. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga. (Lög um almenningsbókasöfn nr.36 frá 1997, 1.gr. 2 mgr.) Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi landsmanna að upplýsingum og þekkingu. Á samdráttartímum verður bókasafnið því enn mikilvægara fyrir almennig. Mig langar að vitna hér í yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn:

Almenningsbókasafni er hlíð til þekkingar á hverjum stað. Það skapar frumskilyrði til ævimenntunar, sjálfstærðrar ákvarðanatöku og menningarþroska einstaklinga og þjóðfélagsþópa. [...] Safnkostur og þjónusta þurfa að taka til allra mið-

unarforma og nútímataekni ekki síður en hefðbundinna gagna. Frumskilyrði er að safnkostur sé í háum gæðaflokki og benti aðstaðum á hverjum stað. Safnefni verður að endurspegla strauma og stefnur í þróun þjóðfélags og geyma jafnframt minningar um hugvit og ímyndunarafli mannsins.

Ég er hrædd um að hér vanti þó nokkuð uppá að við stöndum svona vel að málum.” sagði Margrét.

Að lokum sagði Margrét að sér finndist stundum að bókasafninu hafi verið haldið í einskonar spennutreyju, bæði í fjárhag og húsnæði, undanfarin ár. „Það er borin von að hér blómstri bókasafnsmenning eins og hún getur best orðið við núverandi aðstaðu. Bæjarstjórninni er vandi á höndum að skipta kökunni réttlátlega, allir vilja sinn skerf. Vonandi verður menningarstefna bæjarins ljós fljótlega ... og safninu þá ætlaður ríflegur skerfur af þeirri sneið kökunnar,“ sagði Margrét að lokum.



Kristín Helga Gunnarsdóttir er einn fjölmargra rithöfunda sem bókasafnið hefur fengið til Grindavíkur.



Verðlaunahafar í sumarlestrarkeppninni.

Aðalfundur foreldrafélagsins

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur var haldinn 2. nóvember sl. í Hópskóla. Þar bar hæst að nefna ný lög félagsins voru samþykkt en þau má sjá á heimasíðu bjarins.

Þrjú gengu úr stjórn að þessu sinni, þær Sæborg Reynisdóttir, Mínerva Gísladóttir og Björg Guðmundsdóttir. Þrjár konur voru kjörnar í staðinn, þær Alda Agnes Gylfadóttir, Ása Sif Arnarsdóttir og Þórunn Alda Gylfadóttir. Formaður foreldrafélagsins er Ingvar Þór Gunnlaugsson.

Á meðal annarra mála sem rædd voru má nefna samstarf við Skógræktarfélagið um að fá efnivið til jólaþöndurs. Börnin í skólanum gætu þá unnið viðinn sem yrði svo notaður til að fönndra á jólaþöndri foreldrafélagsins. Stjórn félagsins ætlar að athuga hvort ekki megi útfæra hugmyndina og koma henni áfram til stjórnenda skólans.

Þá var rætt um hlutverk foreldrafélagsins, foreldrarólt og að foreldrafélagið komi á fundi fyrir foreldra þar sem uppbyggingarstefnan og eineltisáætlun skólans væri kynnt.

Bæjarstjórn fagnar Suðurstrandarvegi

Bæjarstjórn Grindavíkur fagnaði nýjum Suðurstrandarvegi sem var tilbúinn í lok október.

Segir Bryndís Gunnlaugsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkur, að verklokin séu tíu mánuðum á undan áætlun og Grindvíkingar fagni gífurlega. Loksins sé vegurinn kominn sem barist hafi verið fyrir í fjölda ára, enda hafi því verið lofað við kjördæmabreytinguna að tengja kjördæmin saman. Miklar vonir eru bundnar við Suðurstrandarveginn í tengslum við ferðaþjónustuna. Unnið er að því að taka skiltamál í gegn fyrir ferðamenn fyrir næsta sumar og þá verður malbikaður stígur í Selskóg og samningaviðræður standa yfir við HS Orku um að klára stíginn yfir í Bláa lónið.

Styrkur til körfuboltans

Frístunda- og menningarnefnd fagnaði á fundi sínum góðum árangri meistaraflokks karla í körfuknattleik það sem af er tímabilinu og óskar þeim til hamingju með sigur í Lengjubikarkeppninni á dögum. Í ljósi þessa árangurs veitir nefndin þeim 150.000 kr. styrk úr Afrekssjóði.

Könnun á líðan í Grunnskólanum

Nýlokið er könnun um líðan meðal nemenda í 3.-10. bekk í Grunnskóla Grindavíkur. Niðurstöður hafa verið kynntar. Spurningarnar voru um líðan í skólanum, líðan í bekknum, um vini í skólanum. Þá var spurt um einelti, hvort viðkomandi viti um einhvern sem er lagður í einelti og hvort sá eða sú sem er spurð er lagður eða lögð í einelti.

Fernir möguleikar voru á svari, mjög vel, vel, sæmilega eða illa um líðan. Niðurstöður sýna að 82,8% nemenda líður mjög vel eða vel í skólanum, 13,7 líður sæmilega og 3,5% nemenda líður illa í skólanum. Í bekknum svöruðu 84,2% nemenda því að þeim líði mjög vel eða vel í bekknum sínum 14,3% líður sæmilega og 1,5% líður illa í bekknum sínum.

98,8% nemenda játti því að eiga vin í skólanum en 1,2% svöruðu því neitandi. Um einelti voru 13,7% aðspurðra sem sögðust vita um nemendur sem væru lagðir í einelti en 86,3% svöruðu því neitandi en 6,4% nemenda sögðust vera lagðir í einelti á móti 93,6% sögðust ekki vera lagðir í einelti.


Námsráðgjafi tók saman niðurstöður fyrir skólann í heild sinni og fyrir hvern og einn




bekk.

Umsjónarkennarar vinna með niðurstöður fyrir sína bekk. Þeir hafa samband við foreldra þeirra nemenda sem líður sæmilega eða illa í skólanum og leitast við að greina vandann. Umsjónarkennarar fylgjast með líðan nemenda og er þeim boðið að hitta námsráðgjafa. Ef grunur er um einelti fer málið í könnun og unnið er samkvæmt eineltisáætlun skólans.


1. Hvernig líður þér í skólanum?




2. Hvernig líður þér í bekknum þínum?




3. Áttu vin / vini í skólanum?



4. Veistu um einhverja sem eru lagðir í einelti?



5. Ert þú lögð/lagður í einelti?



Endalok alheimsins Leiklistarsigur GRAL

Grindvíska atvinnuleikhúsið (GRAL) frumsýndi í byrjun nóvember í Kvikunni leikritið Endalok alheimsins í leikstjórn Bergs Ingólfssonar. Sýningin er stórskemmtileg, vekur upp margar áleitnar spurningar en umfram allt er það frábær frammistaða leikaranna sem stendur upp úr.

Í leikskrá GRAL sem var gefin út fyrir frumsýninguna segir: „Markmið GRAL er að efla leiklist og menningu í Grindavík, á Suðurnesjum og hvar sem leiklistar er þörf. Okkar draumur er leikhústarfsemi í Grindavík. Starfsemi sem njóti virðingar innan byggðarlagsins sem utan, virðingar sem spretti af orðspori okkar sem vandvirkera listamanna, skapandi einstaklinga í öflugum hópi. Því eru sýningar okkar metnaðarfullar og er hvergi slakað á gæðakröfum“.

Þetta er kjarni málsins. Þetta er atvinnuleikhópur þar sem gæðin og metnaðurinn er í fyrirrúmi. Hvar sem borðið er niður þá er vandvirknin, leikgleðin og sköpunarkrafturinn í öndvegi. GRAL hefur tekist að setja á svið frábært leikrit þar sem reynt er að svara þeirri spurningu: Hvað gerist þegar fjórir gallaðir einstaklingar eru síðustu lifandi mannverurnar á jörðinni?

Í þessu litla teymi GRAL eru þrír atvinnuleikarar frá Grindavík, hvorki meira né minna. Bergur Ingólfsson er leikstjóri og annar höfundur verksins ásamt Guðmundi Brynjólfssyni. GRAL er fullkomin tilraunaverksmiðja fyrir Berg sem án nokkurs vafa mun fá að spreyta sig sem leikstjóri á ýmsum sviðum í framtíðinni. Viðir Guðmundsson leikur Jón og á stórleik, hann hefur aldrei verið betri. Benedikt Karl Gröndal (sonur Jóns Gröndal) leikur Elvar/Elvis en þetta er frumraun hans sem atvinnuleikara á íslensku leiksviði og óhætt að segja að hann fari mjög vel af stað, virklega efnilegur leikari. Sólveigu Guðmundsdóttir



(Freyja) og Svein Ólaf Gunnarsson (Stefnir) þekkjum við m.a. í uppsetningu GRAL á Horn á höfði og þau eru vaxandi og gríðarlega skemmtilegir leikarar.

Leikhópurinn hefur þurft að setja upp lítið og nett leikhús við erfiðar aðstæður á efri hæð Kvikunnar og tekist vel til. Fagmennskan drýpur af hverju strái eins og í leikmynda- og búningahönnun, hljóðmynd, ljósaönnun, leikskrá og öllu því sem leikhúsinu fylgir en þar kemur m.a. við sögu eiginkona Bergs, Eva Vala Guðjónsdóttir.

Ekki verður farið út í að rekja söguþráðinn hér en sýningin fékk mjög góða dóma leikhúsgagnrýnenda. Hún vekur mann sannarlega til umhugsunar um lífið eftir hrun, hagsmunaaátök og valdabaráttu og á stundum skrautlega og neikvæða innansveitarkróniku.

Járngerður gefur GRAL 5 stjörnur fyrir Endalok alheimsins og þakkar fyrir frábæra skemmtun. Þið eruð hetjur að standa í þessu og færa ykkar heimabyggð menningu og listir á heimsælíklarða. Vonandi kunna Grindvíkingar að meta það.

Endalok alheimsins er sett upp með stuðningi frá Leiklistarráði, Menningarráði Suðurnesja, Listamannalaunum og Grindavíkurbæ. Undirbúningur fyrir næsta leikrit er þegar hafinn en það gengur undir vinnunafninu Halarass sem er sjálfstætt framhald Horns á höfði.



Takk fyrir GRAL

Að lokinni frumsýningu GRAL á Endalokum alheimsins í Kvikunni var leikurum, leikstjóra og aðstandendum sýningarinnar klappað lof í lófa. Bryndís Gunnlaugsdóttir, forseti bæjarstjórnar, ávarpaði GRAL og þakkaði leikhópnum fyrir þeirra frábæra framlag til menningar í Grindavík.

Styrkir til Grindavíkur

Menningarráð Suðurnesja veitti á dögnum styrki til 32 verkefna á Suðurnesjum. Styrkirnir hljóða upp á 22,1 milljón króna og komu nokkrir þeirra til Grindavíkur og einnig í sameiginleg verkefni á Suðurnesjum. Í ár var sótt um 49 verkefnastyrki upp á 46,9 milljónir. Heildarfjárhæð verkefnanna var metin af aðstandendum upp á 138,6 milljónir króna. Eftirtalin verkefni tengjast Grindavík:

1.200.000 - List án landamæra á Suðurnesjum

Listahátíð sem haldin er einu sinni á ári með þátttöku fatlaðra og ófatlaðra listamanna, einstaklinga og hópa. Fimm sveitarfélög á Suðurnesjum.

1.200.000 - Safnahelgi á Suðurnesjum

Sameiginleg kynning á söfnum, setrum og sýningum sem eru í boði á Suðurnesjum. Verkefnið á sér stað utan hefðbundins ferðamannatíma. Fimm sveitarfélög á Suðurnesjum.

1.200.000 - Halarass - fjölskyldu og barnaleikrit

Leikritið er um vinina Björn og Jórinni. Verkið er sjálfstætt framhald af fyrra verki GRAL hópsins, Horn á Höfði. Frumsýnt í nóvember 2012.

800.000 - Menntun og menning

Barnamenningarverkefni fyrir íslenska og erlenda nemendur til að leysa eftir heimsókn á sýningar í Kvíkunni auðlinda- og menningarhúsi Grindavíkur.

700.000 - Þorbjörn gönguleiðir

Upphafskort við Þorbjörn. Áhugaverðar sögur, gönguleiðir, vegalengd og erfiðleikastig kynnt.

700.000 - Kynning á bókmenntaarfinum

Almenningsbókasófn á Suðurnesjum. Sex bókmenntakvöld á árinu. Kynntir verða rithöfundar og skáld fyrir tíma

500.000 - Menningar- og sögutengd gönguhátíð

Fjórar gönguferðir um verslunarmannahelgina þar sem markmiðið er að sameina útivist, holla og góða hreyfingu við fræðslu á menningu svæðisins.

300.000 - Gospelkór í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Samstarf kirkna á Suðurnesjum. Verkefnið hefur forvarnargildi og er hugsað til að virkja ungt fólk til þátttöku í heilbrigðu og mannþætandi menningarstarfi.

300.000 - Jólábærinn Grindavík

Samstarf aðila í verslun, þjónustu og menningu í Grindavík á aðventu u menningardagskrá og viðburði.

100.000 - Hagyrðingakvöld

Kvikan Auðlinda- og menningarhúss stendur fyrir hagyrðingakvöld í október.



Bætum samskipti heimilis og skóla

Á dögnum bauð Foreldrafélag grunn-skólans upp á foreldranámskeið í Hóps-skóla með Helgu Margréti Guðmundsdóttur tólmstunda- og félagsmálafræðingi.

Helga Margrét er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og var áður starfsmaður Heimilis og skóla. Á námskeiðinu var farið yfir hlutverk skólans í nútíma samfélagi, samskipti foreldra við skólann og umfram allt líðan barna í skólanum. Þar er þáttur foreldra afgerandi eigi vel að takast til og samvinna milli heimila og skóla mikilvæg.

Helga Margrét kynnti fyrir foreldrum hlutverk bekkjafulltrúa þar sem fram kom að þeir gegna lykilhlutverki í samskiptum foreldra og skólans. Þeir eiga þátt í að byggja upp góðan bekkjar-

anda og kunna að koma að málum eins og einelti og félagslegri einangrun. Bekkjafulltrúar eru fulltrúar foreldra í hverjum bekk en þeir eiga ekki að standa einir heldur verður foreldrahópurinn allur að vera virkjaður til samstarfs.

Á námskeiðið mættu um 40 manns sem hlustuðu á Helgu Margréti og tóku þátt í hópavinnu. Þar var unnið með þætti eins og af hverju viljum við búa í Grindavík, hvað er gott og hvað má bæta. Það sem stóð upp úr kvöldinu var jákvæðni gagnvart því að bæta samskipti heimila og skóla og vilji foreldra til að virkja aðra með sér í því, við viljum jú öll að börnunum okkar líði sem best.



Dansinn dunar í Miðgarði

Vetrarstarf eldri borgara í Grindavík er nú í fullum gangi. Ný félagsmiðstöð í Víðihlíð, sem fengið hefur nafnið Miðgarður, gegnir stóru hlutverki.

Fyrsta og fjórða miðvikudag í hverjum mánuði er boðið upp á dans kl. 15:00-16:00 í Miðgarði. Fyrsti danstíminn var í október og þar var góður fjöldi eldri borgara sem æfði kántrýdansa af mikilli leikni og innlifun. Nánar er hægt að kynna sér vetrarstarf eldri borgara og öryrkja í Grindavík á heimasíðu Grindavíkurbæjar.



Hrekkjavökugleði í skólanum



Uppvakningar, draugar, nornir og aðrar kynjaverur voru áberandi í Grunnskóla Grindavíkur á dögnum enda hrekkjavaka haldin hátíðleg. Undanfarnar vikur hafa nemendur á miðstigi unnið skuggalegar skreytingar í textílmennt og myndmennt. Líf og fjör var meðal nemenda og gleðin höfð í fyrirrúmi.

Boðið var upp á hrekkjavökumuffins og nornafingur sem drengir í 6. bekk bökðu í heimilisfræði. Stúlkurnar í sama árgangi bjuggu til veglegt draugahús í tónmenntastofunni og má sannarlega segja að það hafi verið hápunktur dagsins. Löng biðröð myndaðist og biðu nemendur spenntir eftir að fá að berja herlegheitin augum. Þá fengu nemendur andlistsmálningu auk þess sem stúlkur í 6. bekk



frumsýndu dans í takt við tóna Friðriks Dórs. Meðfylgjandi eru myndir frá hrekkjavöku-

deginum og þeim glæsilegu skreytingum sem nemendur unnu sjálfir!



Unnið að auknu umferðaröryggi

Eins og bæjarbúar hafa tekið eftir undanfarnar vikur hefur verið unnið að framkvæmdum við tvær innkomuleiðir í bæinn, annars vegar við Grindavíkurveg og hins vegar við Austurveg. Framkvæmdirnar eru samkvæmt umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar og miða að því að auka öryggi yngstu vegfarenda, sérstaklega skólabarna enda byggja framkvæmdirnar aðallega á ábendingum þeirra eftir að þau teiknuðu sínar helstu gönguleiðir í Hópsskóla inn á kort á fundi með bæjarstjóra og tæknideild.

Þar sem nýr Suðurstrandarvegur er kominn í gagnið má búast við aukinni umferð til Grindavíkur. Eftir að Hópsskóli var tekinn í notkun fyrir 1.-3. bekk hafa gönguleiðir skólabarnanna í bænum tekið breytingum. Eftir fundina með krökkunum kom í ljós að bæta þurfti umferðaröryggi þeirra. Þegar er búið að bregðast við því. Sem dæmi er nýbúið er að lýsa upp gönguleiðina frá Hópsskóla að sundlaug og íþróttahúsi eins og kemur fram annars staðar á síðunni.

Búið er að setja upp tvær gangbrautir við Austurveg, annars vegar fyrir framan kirkjuna og hins vegar fyrir framan Gula húsið og verður rofið gat í girðingu við íþróttasvæðið til að stytta gönguleiðina í Hópsskóla og gera hana öruggari. Þá voru settar þveranir og gangbrautir með miðeyju á Grindavíkurvegi, nálægt gatnamótum Hópsbrautar og Suðurhópsbrautar. Jafnframt voru settir nýir stígar við Kúadal fyrir gangandi vegfarendur sem leiða að gangbrautunum. Auk þess verður sett bæjarhlið við innkomuna í bæinn á Grindavíkurveginum, skammt sunnan við Nesveg. Einnig verður sett svipað hlið á Austurveg.



Unnið að malbikarframkvæmdum við göngustíginn í Kúadal.



Framkvæmdir við Suðurhópsbraut.



Tvær nýjar gangbrautir verða við Austurveg.



Bætt lýsing milli Hópsskóla og íþróttamiðstöðvar

Í haust hefur verið unnið að bættri lýsingu á milli Hópsskóla og íþróttamiðstöðvar og sundlaugar en nemendur skólans fara þarna á milli í íþróttir og sund og á leið í skóla. Ráðist var í þessar framkvæmdir í kjölfar samráðs við nemendur Hópsskóla og ábendingar frá starfsmannafundi Grindavíkurbæjar.

Deiliskipulagslýsing fyrir miðbæ Grindavíkur

Grindavíkurbær hefur falið ráðgjafafyrirtækinu Alta að hefja vinnu við gerð deiliskipulags miðbæjar Grindavíkur. Deiliskipulagið á að taka mið af þeim áherslum sem mótaðar voru í drögum að skipulagsstefnu miðkjarna Grindavíkur sem kynnt var á opnum íbúafundi þann 25. maí 2011 sl.

Markmið Grindavíkurbæjar er að uppbygging stuðli að því að:

- Gera Grindavík að aðlaðandi viðkomustað ferðamanna.
- Bæta umferðarflæði í gegnum miðbæinn og niður á höfn.
- Skapa heildstæðan og aðlaðandi miðbæ sem styður við áform um uppbyggingu við Festi.
- Tengja saman lykilstaði miðbæ - höfn - tjaldstæði.
- Almenningsrými endurspeglar sérstöðu Grindavíkur.
- Að fjárfestingar við uppbyggingu auki ekki rekstrarkostnað sveitarfélagsins og hvetji til aukinnar uppbyggingu annarra aðila í miðkjarna Grindavíkur.

Skipulagsvæðið er um 4,6 ha að stærð og nær frá mótum Víkurbrautar og Gerðavöllum. Til suðurs er fylgt lóðamörkum sem mæta Víkurbraut að undanskýldri lóð Víkurbrautar 31 sem er innan marka. Á móts við syðri lóðamörk Landsbankans við Víkurbraut 36, fylgja mörkin lóðamörkum til austurs að Túngötu. Þaðan er miðlínu fylgt að Ránargötu. Lóðamörk kirkjunnar og Safnaðarheimilisins móta deiliskipulagsvæðið að Austurvegi. Þaðan móta mörk deiliskipulags Íþróttasvæðisins og loks deiliskipulag milli Víkurbrautar og Stampólsvegar.

Í auglýstri tillögu að aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 eru settar áherslur sem deiliskipulagsvinna mun taka mið af eins og að æskilegt sé að byggð verði að einhverju leyti blönduð

og þéttust næst miðbæ, án þess þó að stinga í stúf við núverandi byggð. Vel skipulagt nokkuð þétt miðbæjarsvæði stuðli t.d. að myndarlegum bæjarbrag og aukinni verslun innan bæjar og aukinni sjálfbærni. Auglýst aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir fjórum landnotkunarflokkum innan deiliskipulagsmarka; miðsvæði, verslunar og þjónustusvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota.

Framkvæmt fyrir 400 milljónir

Samkvæmt fjárhagsáætlun verður framkvæmt fyrir um 400 milljónir árin 2012 og 2013. Það sem helst liggur fyrir er stækkun íþróttahúss, nýir klefar og uppbygging á sameiginlegri aðstöðu UMFG. Húsnæðið mun nýtast fyrir viðburði og skemmtanir í bænum og leysa hlutverk sem Festi hafði áður. Annað sem er á teiknaborðinu er:

- Endurhönnun og stækkun bílastæða við heilsuleikskólann Laut
- Salernisaðstaða við Hópið.
- Niðurrif gamla hreyfisalsins við grunnskólann og bygging nýs sameiginlegs bókasafns og breytingar á húsnæði skólans fyrir flutning tónlistarskóla.
- 2012 verður mikið stígaár og átak í merkingum fyrir ferðamenn:
 - Skýrsla um stíga og merkingar haustið 2011 liggur fyrir.
 - Ýmsir stígar innanbæjar
 - Stígur austur í Þórkótlustadahverfi
 - Stígur í Selskóg sem tengist inn á stíga HS Orku og Bláa Lónsins
 - Stígur og merkingar fyrir ferðamenn frá tjaldstæði um hafnarvæðið og út á Hópsnes.
- Breikkun innri rennu hafnarinnar
- Yfirlögn á malarveginn að smábátabryggju
- Breytingar á sambylinu við Túngötu, m.a. gerð sólþallar og betri útiaðstöðu
- Víðihlið – hurðir.



Skipt um þak á slökkvistöðinni

Í haust lauk framkvæmdum við þakið á húsnæði Slökkvistöðvar Grindavíkur að Hafnargötu 13. Skipt var um þakklæðningu, klæðningu á þakkanti og lýsing bætt til mikilla muna. Vel tókst til en verktaki var HH smíði en HH-raf sá um lýsingu.

Líf og fjör á 25 ára

Félagsmiðstöðin Þruman hélt upp á 25 ára starfsafmæli sitt með pompi og pragt 12. nóvember síðastliðinn. Að frumkvæði unglínganna var blásið til mikillar veislu þar sem tónlist, töfrabrogð, dans og tíska var í fyrirrúmi. Þruman, sem hefur aðsetur í Kvennó, var þétt setin af unglíngum og fullorðnum og gaman var að sjá að hver einasti bæjarfulltrúi mætti í afmælið. Að lokinni skemmtilegri dagskrá var svo boðið upp á kökuveislu á efri hæðinni sem unglíngarnir sáu sjálfir um.

Nökkvi Harðarson formaður Þrumaráðs fór yfir starfsemi Þrumunnar. Róbert Ragnarsson bæjarstjóri flutti ávarp fyrir hönd Grindavíkurbæjar og færði Þrumunni glæsilega myndavél að gjöf frá bæjarstjórn.

Hljómsveit hússins tók þrjú hressileg lög en hana skipa þeir Jonni á trommur, Stefán á gítar og Þorsteinn á bassa. Ari og Kristján röppuðu af mikilli snilld, Helgi töframaður sýndi flott töfrabrogð og afrakstur úr hönnunarkeppni Stíls var sýndur en hönnunarliðið skipuðu þær Unnur, Katla og Edda Sól sem jafnframt var fyrirsæta. Jafnframt var dansatriði frá 7. bekk en Sverrir og Hákon sýndu gestum það heitasta í dansheiminum í dag. Kynnarnir Rósa Dís og Valgerður María Þorsteinsdóttir og Rósa Dís Sveinsdóttir.



Rapparnir Ari og Kristján.



Hljómsveit hússins, Þorsteinn, Jonni og Stefán.



Dansarnir Sverrir og Hákon.



Kynnarnir Rósa Dís og Valgerður María.

afmæli Þrumunnar



Katla, Edda Sól og Unnur.



Ávarp Nökkva Harðarsonar, formanns Þrumuráðs

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin í félagsmiðstöðina Þrumuna.

Þann 2. nóvember síðastliðinn var félagsmiðstöðvardagur á vegum Samfés víðast hvar haldinn hátíðlegur. Tilgangurinn með þeim degi er að gefa foreldrum og forráðamönnum, gestum og gangandi tækifæri til að kíkja í félagsmiðstöðvar og sjá hvað fer þar fram, hitta þar starfsfólk sem og unglingana. Teljum við þetta vera frábæra leið til að vekja athygli á því starfi sem fer fram inni í félagsmiðstöðvunum.

Það starf sem fer fram í félagsmiðstöðvum er ekki lögbundið. Það þarf því að standa vörð um það mikilvæga starf sem þar er unnið, sérstaklega á niðurskurðartímum eins og þeim sem við göngum nú í gegnum. Það er okkar trú að með því að bjóða bæjarbúum á viðburð sem þennan styrkist samhugur bæjarbúa um að standa vörð um það góða og skemmtilega starf sem hér fer fram.

Í tilefni af félagsmiðstöðvardeginum var því ákveðið að blása til allsherjar skemmtikvölds og ekki skemmdi fyrir að fyrir slysi komumst við af því að Þruman er að hefja sitt 25. starfsár og því ber vissulega að fagna. Stofnun félagsmiðstöðvar má rekja allt til haustmánaða árið 1986, en þá var samþykkt á fundi Æskulýðsráðs að Kvennó yrði samkomuhús fyrir eldri árganga Grunnskóla Grindavíkur. Starfsemin var þá ætluð nemendum 13-16 ára og halda átti diskótek aðra hverja helgi. Þrátt fyrir að félagstarf hafi áður verið fyrir þennan aldurshóp með óformlegu sniði, markar þessi samþykkt Æskulýðsráðs tímamót í sögu félagstarfs fyrir unglinga í Grindavík. Á þessum 25 árum hefur starfið vaxað og dafnað, og ýmsir sinnt félagsmiðstöðinni forstöðu. Núna 25 árum síðar er Þruman aftur kominn í sín fyrri heimkynni eftir að hafa dvalist í þó nokkurn tíma á efri hæð



Nökki og Róbert bæjarstjóri sem kom færandi hendi.

Festis. Í dag eru um það bil 50 krakkar sem mæta að meðaltali á opið hús þrjú virk kvöld í viku. Þau virku kvöld sem ganga af eru svo nýtt í klúbbastarf, en nú eru í gangi: Ævintýrklúbbur, stelpuklúbbur, strákaklúbbur og heimanámsklúbbur. Þruman tekur einnig þátt í viðburðum á vegum Samsuð, samtökum félagsmiðstöðva á Suðurnesjum og Samfés, samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, má þar nefna, Stíl, söngkeppni, rímaflæði og fleira og fleira.

Það afl sem kemur að skipulagningu og framkvæmd viðburða á vegum Þrumunnar eru Þrumuráð og Þrumuliðar. Þrumuráðið er „pólítískt“ kjörið ráð sem inniheldur fulltrúa frá hverjum árgangi 8., 9. og 10. bekk. Til að efla lýðræðið var sú nýjung tekin upp á þessu ári að búa til nýja nefnd sem nefnist Þrumuliðar. Öllum þeim sem hafa áhuga á að vinna að

félagsmálum er því gefið tækifæri til þess að starfa í þeirri nefnd, þó svo þeir nái ekki kjöri í Þrumuráð. Hver og einn sinnir svo verkefnum eftir áhuga oftast í hóp með öðrum.

Þrátt fyrir að starfsemi 8. – 10. bekkjar vegi hvað þýngst í starfi Þrumunnar þá fá yngri stigin einnig eitthvað fyrir sinn snúð. Áður fyrr var opið hús fyrir 5. – 7. bekk með svipuðu sniði og er nú fyrir eldri árganginn. Á þessu var gerð breyting í vor og ákveðið að hefja frekar hópastarf. Dagskráin fyrir starfið er fjölbreytt en til að mynda er farið í ratleik, bingó og haldnir eru nokkrir leikjadagar. Með hópastarfinu er lögð er áhersla á að vinna í hóp og með því þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni og styrkja sjálfsmynd nemenda. Því fer mikið af tómsbundunum fram í leikjum sem krefjast samvinnu.

SVIPMYNDIR FRÁ 25 ÁRA STARFI ÞRUMUNNAR





Fjölmenni á opnu húsi slökkviliðsins

Dagana 2. og 3. desember sl. tók Félag Slökkviliðsmanna í Grindavík þátt í Fjörugum föstudegi á Hafnargötunni. Margt var um manninn og myndaðist mikil jólastemning. Boðið var uppá heitt súkkulaði með rjóma sem sló heldur betur í gegn.

Á laugardeginum var FSG síðan með sitt árlega opna hús, sjúkrabíllinn og starfslið var með í ár og voru þeir á staðnum og sýndu sinn búnað. Kveiktur var eldur og gestum boðið að prófa að slökkva í með slökkvitæki.

Vill slökkviliðið þakka öllum þeim sem kíktu við fyrir innlitið og vonandi sjáumst við aftur að ári.



Rekstur líkamsræktar í Sundmiðstöð Grindavíkur



GRINDAVÍKURBÆR

Grindavíkurbær óskar eftir samstarfi við áhugasama aðila um rekstur líkamsræktar í Sundmiðstöð Grindavíkur. Líkamsræktaraðstaðan er tæpir 60 m². Í íþróttamiðstöðina koma á ári hverju 60 til 70 þúsund gestir og þar af eru um 25 þúsund sundlaugargestir á almenningstímum. Unnið er að hönnun nýrrar aðstöðu við íþrótt- og sundmiðstöð Grindavíkur sem gerir ráð fyrir að líkamsræktaraðstaða batni til muna og verði 300-400 m² að stærð. Áætlað er að sú aðstaða opni eftir um 2 ár. Í Grindavík er öflugt og fjölbreytt íþróttastarf og íbúar um 2800. Miðað er við að líkamsræktarstöðin opni í janúar.

Tilboðum skal skila á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar eða í t-pósti á [grindavik\(hja\)grindavik.is](mailto:grindavik(hja)grindavik.is) merkt **Líkamsrækt** fyrir 15. desember n.k. Nánari upplýsingar má fá á vef Grindavíkurbæjar www.grindavik.is og hjá bæjarstjóra.

Nánari lýsing

Meðal markmiða Sundmiðstöðvar Grindavíkur er að efla almennings-íþróttir og fjölga sundlaugargestum. Í ljósi þess er skilyrt að tilboðsgjafi greiði aðgang í sundlaug fyrir viðskiptavinum sína. Sett verður upp sérstök gjaldskrá vegna magnkaupa á árskortum í sundlaug.

Í tilboði skal koma fram hugmynd um verð á líkamsræktarkortum til notenda og tilboð til Sundmiðstöðvar Grindavíkur sem inniheldur lágmarksleigu fyrir aðstöðuna og veltutengingu við sölu korta í líkamsræktarsalinn. Tilboðsgjafi skal leggja til allan tækjabúnað líkamsræktarsalarins. Aðeins tæki og búnaður frá viðurkenndum framleiðendum líkamsræktartækja koma til greina. Við mat á tilboðum verður meðal annars litið til lýsingar rekstraraðila á fjölda tækja, gerð þeirra og gæða.

Tilboðsgjafi skal greiða allan kostnað vegna markaðsmála líkamsræktarinnar svo sem auglýsingar, kostunarsamninga og fleira.

Tilboðsgjafi skal tryggja að allir sem kaupa kort í líkamsrækt fái vandaða leiðsögn og undirbúning um notkun tækja og þjálfun áður en þjálfun hefst og bjóða upp á reglulega aðstoð fyrir viðskiptavinum. Í tilboði skal koma fram lágmarksviðvera starfsmanna á viku.

Sundmiðstöð Grindavíkur leggur til húsnaði undir starfseminu í núverandi mynd og mun ekki kosta breytingar eða endurbætur. Jafnframt leggur sundmiðstöðin til þjónustu í afgreiðslu og ræstingu.

Tilboðsgjafar eru hvattir til að kynna sér aðstöðuna og drög að hönnun nýrrar líkamsræktaraðstöðu áður en tilboð er lagt fram.

Góður árangur í samræmdum prófum í 7. og 10. bekk

Grunnskóli Grindavíkur kemur heilt yfir út úr samræmdum könnunarprófum sem gerð voru í þremur árgöngum í haust. Sérstaklega er árangur í 10. bekk glæsilegur, útkoman í 7. bekk er góð en í 4. bekk var hún ekki ásættanleg. Í 10. bekk er Grindavík yfir landsmeðaltali í stærðfræði og ensku og einnig í stærðfræði í 7. bekk. Í þessum tveimur árgöngum er námsárangur heilt yfir virkilega góður. Í 4. bekk er námsárangur nokkuð undir landsmeðaltali, sérstaklega í stærðfræði.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

10. bekkur - íslenska

Grindavík 6,4 (Suðurkj. 6,2 - Reykjavík 6,6 - Landið 6,5)

10. bekkur - stærðfræði

Grindavík 6 (Suðurkj. 5,6 - Reykjavík 6,1 - Landið 5,9)

10. bekkur - enska

Grindavík 7,4 (Suðurkj. 6,9 - Reykjavík 7,5 - Landið 7,3)

7. bekkur - íslenska

Grindavík 6,1 (Suðurkj. 6,2 - Landið 6,4)

7. bekkur - stærðfræði

Grindavík 6,9 (Suðurkj. 6,5 - Landið 6,7)

4. bekkur - íslenska

Grindavík 5,9 (Suðurnes/Suðurkj. 6,1 - Landið 6,3)

4. bekkur - Stærðfræði

Grindavík 5,6 (Suðurkj. 6,5 - Landið 6,6)



Framkvæmdir

Í haust var unnið að stórrí viðhaldsframkvæmd á blokkinni í Staðarhrauni en Grindavíkurbær á þar nokkrar íbúðir. Framkvæmdir gengu vel og hefur blokkin tekið stakkaskiptum. Nokkuð er byggt af íbúðarhúsnæði og iðnaðarhúsum í Grindavíkurbær þrátt fyrir kreppuna. Alls eru fimm einbýlishús í byggingu þessa dagana, þar af tvö sem hafa verið í byggingu á annað ár. Búið er að sækja um byggingaleyfi fyrir þremur íbúðaradhúsum til viðbótar og einni einbýlishúsalóð. Þá eru tvö iðnaðarhús í byggingu.

Ungmennaráð Grindavíkur stofnað



Á myndinni eru frá vinstri: **Mardís Ögn Birgisdóttir, Katla Marín Þormarsdóttir, Sigurbjörg Vignisdóttir, Reynir Berg Jónsson, Nökkvi Harðarson, Valgerður María Þorsteinsdóttir, Unnar Hjálmarsson, Helga Guðrún Kristinsdóttir, Rósa Dís Sveinsdóttir og Kristín M. Ívarsdóttir.**

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti á fundi sínum þann 26. október sl., að undangenginni tillögu frístunda- og menningarnefndar, að koma á fót Ungmennaráði Grindavíkur samkvæmt framlagðri samþykkt þar um.

Hlutverk ráðsins er að vera bæjarstjórn ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 18 ára í sveitarfélaginu í umboði frístunda- og menningarnefndar.

Í 6. grein samþykktarinnar er kveðið á um skipan ráðsins:

Ungmennaráð skal skipað 7 aðilum og jafn mörgum til vara.

A - Þrír fulltrúar úr 8. - 10. bekk Grunnskóla Grindavíkur og þrír til vara.

B - Tveir fulltrúar frá félagsmiðstöðinni Þrumunni og tveir til vara.

C - Tveir fulltrúar úr aldurshópnum 16 - 18 ára sem og tveir til vara.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. september til 10. júní, ár hvert.

Ungmennaráð hefur nú verið skipað og var fyrsti fundur þess 24. nóvember sl. Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarssviðs fór yfir samþykktina og kynnti fyrir ráðinu hlutverk þess og markmið. Á fundinum var kosinn formaður og varaformaður og kom það í hlut Sigurbjargar Vignisdóttur að vera kosin fyrsti formaður Ungmennaráðs Grindavíkur. Varaformaður er Unnar Hjálmarsson. Í ráðinu sitja:

Aðalmenn:

Unnar Hjálmarsson
Kristín M. Ívarsdóttir
Katla Marín Þormarsdóttir
Nökkvi Harðarson
Rósa Dís Sveinsdóttir
Sigurbjörg Vignisdóttir
Reynir Berg Jónsson

Varamenn:

Anton Ingi Rúnarsson
Lárus Guðmundsson
Hinrik Guðbjartsson
Helga Guðrún Kristinsdóttir
Valgerður María Þorsteinsdóttir
Mardís Ögn Birgisdóttir
Alexandra Hauksdóttir

Í bókun bæjarstjórnar frá 26. október sl. segir: „Stofnun ungmennaráðs er mikilvægt skref í lýðræðisþjálfun ungmenna í Grindavík og væntir bæjarstjórn mikið af starfinu“. Óhætt er að segja að þessi fyrsti fundur ungmennaráðs lofi góðu og eru ungmennin full tilbökunar að takast á við þetta verkefni.“

Fyrsti fundur ungmennaráðs var svo haldinn 24. nóv. sl. Í fundargerð ráðsins, sem má lesa á heimasíðu bæjarins, sagði m.a.:

„Sigurbjörg Vignisdóttir og Kristín M. Ívarsdóttir buðu sig fram til formanns og var því kosid á milli þeirra. Sigurbjörg var kosin formaður með meirihluta atkvæða. Unnar Hjálmarsson bauð sig fram til varaformanns og var sjálfkjörin.“

Um uppbyggingu á íþróttasvæði bókaði nefndin jafnframt:

„Þegar Þruman var flutt í Kvennó 2008 var talað um að sú aðstaða væri til bráðabirgða. Nú stendur til að byggja upp aðstöðu á íþróttasvæðinu og jafnframt er fyrirhugað að byggt verði nýtt bókasafn við grunnskólann. Kristinn gerði grein fyrir að á báðum stöðum væri nú rétt um að hægt væri að koma fyrir félagsmiðstöð og ungmennaráð þyrfti að álykta um það samkvæmt beiðni frá frístunda- og menningarnefnd. Kynnti hann fyrstu hugmyndir að uppbyggingu á íþróttasvæðinu. Ungmennaráði lýst mjög vel á þær hugmyndir og telur að aðstaða til íþróttaiðkunar muni batna til muna sem er mjög jákvætt. Ungmennaráð mun gefa sér tíma til næsta fundar að meta kosti og galla þess að hafa félagsmiðstöð annars vegar á íþróttasvæðinu og hinsvegar við grunnskólann.“

Samþykkt fyrir Ungmennaráð Grindavíkur

Um verkefni Ungmennaráðs Grindavíkur.

1. gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 18 ára í sveitarfélaginu í umboði frístunda- og menningarnefndar.

2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur til frístunda- og menningarnefndar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólki.

3. gr.

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

1. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
2. að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
3. að undirbúa árlegt þing ungs fólks í samstarfi við viðeigandi stofnanir og deildastjóra,
4. að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
5. að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins,
6. að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks

4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

5. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

Um skipan ungmennaráðs

6. gr.

Ungmennaráð skal skipað 7 aðilum og jafn mörgum til vara.

A - Þrír fulltrúar úr 8. - 10. bekk Grunnskóla Grindavíkur og þrír til vara.

B - Tveir fulltrúar frá félagsmiðstöðinni Þrumunni og tveir til vara.

C - Tveir fulltrúar úr aldurshópnum 16 – 18 ára sem og tveir til vara.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. september til 10. júní, ár hvert.



7. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefnd+arinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

8. gr.

Ungmennaráð heldur einn fund í mánuði. Í mars ár hvert skal haldinn sérstakur bæjarstjórnarfundur unga fólksins og 2x á ári skulu haldnir sameiginlegir fundir frístunda- og menningarnefndar og ungmennaráðs.

9. gr.

Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkur er starfsmaður ráðsins og tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld og frístunda- og menningarnefnd. Starfsmaður situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögur. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð óska eftir og leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra.

Um yfirstjórn ungmennaráðs

10. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ungmennaráðs í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs.

Starfsmaður leggur fram í ráðinu tillögu að fjárhagsáætlun ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

11. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

Um fundarsköp ungmennaráðs

13. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglur um almenn fundarsköp.

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá starfsmanni ungmennaráðs sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Starfsmaður ráðsins ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í ungmennaráði, um málalok.

Gildi samþykktarinnar

14. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 26. október 2011.



Breytingar hjá Grunnskóla Grindavíkur

Nú eru að skýrast línur varðandi breytingar sem hafa átt sér stað að undanfögnu við stjórnun skólans. Þessar breytingar hafa það í för með sér að talsverð röskun verður á kennarateymi unglíngastígsins. Því miður var ekki hægt að komast hjá því og vonumst við til að það hafi sem minnstu áhrif á námsframvindu nemenda á stíginu og í skólanum í heild sinni. Við biðjumst velvirðingar á þeim truflunum sem nemendur og aðstandendur hafa orðið fyrir sökum breytinganna. Gert er ráð fyrir eftirfarandi skipulagi til skólaloka:

Pálmi Ingólfsson sem var deildarstjóri á unglíngastígi verður skólastjóri.

Kristín Mogensen sem verið hefur umsjónarkennari 10.K og íslensku- og dönsku-kennari í 10.bekkjum mun taka við deildarstjórastöðu miðstígs og námsvers. **Hrefna Þórunnardóttir** sem kenni hér við skólann til fjölda ára mun fylla skarð Kristínar eftir áramót.

Ægir Víktorsson hefur verið umsjónarkennari 9.Æ og stærðfræðikennari 9.bekkjá. Einnig hefur Ægir séð um náttúrufræðikennslu á unglíngastíginu. Hann mun taka við starfi deildarstjóra unglíngastígs. Auglýst hefur verið eftir kennara í hans störf.

Þórunn Alda Gylfadóttir mun kenna í stað Ægis a.m.k. fram að jólafríi. Ægir mun hafa umsjón með nemendum í 9.Æ þar til málin skýrast enn frekar.

Orrí Freyr Hjaltalín íspróttakennari hefur óskað eftir að láta af störfum við skólann eftir áramót. Verið er að skoða hvernig hans kennsla verður leyst. Reynt verður að koma upplýsingum um þau mál á framfæri eins fljótt og kostur er. Orra Frey óskum við vel-farnaðar á norðurslóðum.

Aðal áhersla okkar hér í skólanum þessa dagana er að leggja á eitt um að byggja okkur og skólastarfið upp. Byggja okkur upp og gera Grunnskóla Grindavíkur að hjarta bæjarins. Gera skólann okkar að sameiningartákn sem bæjarbúar geta verið stoltir af. Hjálpast að við að tala skólann okkar upp. Stöðva neikvæðu raddirnar sem verða oft á tíðum allt of háværar. Hlúa að því sem okkur öllum þykir vænt um. Það sem skiptir öllu máli varðandi skólamála. Það eru börnin, nemendur skólans. Við ætlum að vera þeim góðar fyrirmyndir, vera góð við hvert annað og horfa fram á veginn með jákvæðum sóknaranda fyrir Grunnskóla Grindavíkur. Með von um áframhaldandi jákvæðni og velgengni.

Pálmi Ingólfsson
skólastjóri.



Unnið að stofnun Jarðvangs

Sveitarfélagið Garður, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Vogar eru nú með í undirbúningi að stofna svokallaðan jarðvang á Reykjanesi og að setja af stað umsóknarferli til **European Geoparks Network**.

Jarðvangur er svæði sem inniheldur merki- og einstakar jarðminjar. Innan garðsins eru ákveðinn fjöldi jarðfræðilegra, vistfræðilegra og menningarlegra staða sem eru áhugaverðir vegna vísindarannsókna, fræðslugildis osfrv.

Bundnar eru vonir við að árangur verkefnisins skili sér í aukningu ferðafólks (jarðferðamennska), vísindamanna, meiri samvinnu í ferðapjónustu og dýpri og meiri þekkingu á viðfangsefninu jarðvangur.

Sett verður á laggirnar samstarfsnefnd sem mun vinna tillögur um stofnun Jarðvangsins, velja nafn og sjá um gerð auðkennismerkis. Jafnframt að opna heimasíðu verkefnisins, halda kynningarfundir og fá háskólasamfélagið

og ferðapjónustaðila inn í verkefnið. Síðast en ekki síst ráðning verkefnisstjóra. Í samstarfsnefndinni er gert ráð fyrir bæði fulltrúum sveitafélaganna, ferðapjónustunnar og fleiri hagsmunaaðila.

Þegar hefur verið sótt um styrki í sjóði til að koma jarðvangshugmyndinni af stað og eru vonir bundnar við að umsóknirnar skili árangri. Grindavíkurbær hefur haft frumkvæði að þessu verkefni og undirtektir verið mjög góðar. Undirbúningsfundur var haldinn í Kvikunni í lok nóvember og lofaði hann góðu.

Erindi um jarðvang var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Grindavíkurbæjar 7. des. sl. og þar var bókað:

„Bæjarráð Grindavíkur samþykkir að mynda samstarfsnefnd um stofnun jarðvangs (Geopark) á Reykjanesi og að setja af stað umsóknarferli til European Geoparks Network í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum.

Bæjarráð skipar bæjarstjóra sem fulltrúa Grindavíkurbæjar í samstarfsnefndina.“



Jólaguðspjallið í sunnudagaskólanum

Á öðrum sunnudegi í adventu var líf og fjör í sunnudagaskólanum í Grindavíkirkirkju. Þar léku börnin jólaguðspjallið sjálft og mátti sjá Jósef og Maríu, Jesúbarnið, vitringana þrjá og ýmsa fleiri sem komu við sögu og fengu allir krakkar sem vildu að vera með.

Grindavík þarf að taka sig á!

Það er ljóst að Grindvíkingar verða að taka sig verulega á hvað varðar bílbeltanotkun barna og foreldra sem eru á leið á leikskólana miðað við könnun sem birt var fyrir skömmu. Slysavarnadeildin Þórkötlu sá um framkvæmd könnunarinnar við leikskólana Laut og Krók í Grindavík og eru niðurstöðurnar óásættanlegar fyrir Grindavík, sem er í næst neðsta sæti á landsvísu.

Umferðarstofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg lögðu fyrir hina árlegu könnun á öryggi barna í bílum í maí s.l. Könnunin var gerð við 68 leikskóla víða um land með 2.504 þátttakendum.

Niðurstaðan varð sú að af þeim 68 leikskólum þar sem könnunin var gerð kom í ljós að Krókur var í 65. sæti og Laut í því 67, sem er verulegt umhugsunarefni fyrir okkur Grindvíkinga.

Krókur: Rúm 70% barna notuðu réttan öryggisbúnað, bílstól eða púða. Tæp 15% notuðu eingöngu bílbelti en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn og rúm 15% voru laus í bifreið, án öryggisbúnaðar.

Laut: Tæp 70% barna notuðu réttan öryggisbúnað, bílstól eða púða. Rúm 30% notuðu eingöngu bílbelti en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.

Grindavík kom næst verst út af öllum stöðum á landinu og er á meðal þriggja sveitarfélaga þar sem öryggi barna í bílum nær ekki 80%.

Einnig var gerð könnun á notkun ökumanna með bílbelti. Þar kom Grindavík aftur illa út, en rúm 20% ökumanna sem áttu leið á leikskólana voru ekki í bílbeltum.



Umnið að framkvæmd könnunar um bílbeltanotkun við leikskólana. Hér eru fulltrúar Þórkötlu við leikskólann Laut.

Að undanförunu hafa leikskólarnir í samstarfi við foreldrafélögin, slysavarnadeildina Þórkötlu, Grindavíkurbæ, lögreglu og Umferðarstofu gert átak í því að fá foreldra/ forráðamenn til þess að huga betur að öryggi barna í bílum og auka bílbeltanotkun. Markmiðið er að koma Grindavík í fremstu röð því núverandi ástand er algjörlega óásættanlegt. Með sameiginlegu átaki okkar allra er allt hægt! Með kveðju!

**Leikskólarnir Krókur og Laut
Grindavíkurbær
Slysavarnadeildin Þórkötla
Lögreglan**

Öryggi barna er á okkar ábyrgð

Í 71. gr. umferðarlaga segir m.a.:

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis, eða ásamt því, noti barn viðurkennndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð. Rannsóknir hafa sýnt að börn eru öruggari í bakvísandi barnabílstólum en þeim stólum sem vísa fram. Mælt er með notkun bakvísandi stóla fyrir börn upp að 4 ára aldri.

Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er upplásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað.

Í könnunum sem gerðar hafa verið við leikskóla víða um land síðan 1996 kemur í ljós að notkun öryggisbúnaðar hefur aukist ár frá ári. Það er þó áhyggjuefni að töluvert er um að börn noti öryggisbúnað sem hvorki hæfir þyngd þeirra né aldri. Í nýlegri könnun kom í ljós að um 14% barna notuðu engan búnað eða einungis bílbelti sem er ófullnægjandi búnaður.

Öryggisbelti er hannað fyrir fullorðið fólk og því þarf, með beltinu, að nota viðeigandi búnað, annaðhvort barnabílstól eða bílpúða með eða án baks, hafi barn ekki náð 150 sm hæð.

Einungis er leyfilegt að nota hér á landi búnað sem uppfyllir öryggisstaðla, annað hvort Evrópustaðalinn ECE eða sambærilegt.

19 af 78 ökumönnum ekki í bílbelti við leikskólana

Í kjölfar slakrar niðurstöðu hér að ofan um lélega bílbeltanotkun var ráðist í aðgerðir og í kjölfar þeirra framkvæmd ný könnun við leikskólana í Grindavík af Slysavarnadeildinni Þórkötlu. Því miður er niðurstaðan enn ekki nógu góð, sérstaklega á Laut. Spurningin er hvað þarf að gera til þess að vekja grindvíska foreldra af Þyrnirósarsvefni þegar kemur að bílbeltanotkun.

Niðurstaðan varð þessi:

Laut:

34 börn

Öll börn voru í aftursæti bifreiða

19 í bílstól sem vísar baki aftur

2 í bílstól sem vísar baki fram

7 á bílpúða

4 í bílbelti

2 án alls öryggisbúnaðar

Ökumenn 34 þar af 7 ekki í bílbelti

4 ekki merkt við bílbeltanotkun

Krókur:

44 börn

15 í bílstól sem vísar baki aftur



18 á bílpúða

1 í bílbelti

10 ekki getið um búnað en í viðeigandi búnaði

Ökumenn 44 þar af 8 ekki í bílbelti

Stórskemmtilegt hagyrðingakvöld í Kvikunni

Hagyrðingakvöldið í Kvikunni var haldið fyrsta vetrardag og var vel sótt og bráðskemmtilegt. Þar var m.a. ort um bæjarstjórabústað, Festi, fótboltið bæjarins, sameiningu við Árna Sigfússon, hitaveitusjóð og ýmislegt fleira. Hér má sjá nokkrar skemmtilegar vísur sem urðu til frá hagyrðingunum Jóni Ingvari Jónssyni, Sigrúni Haraldsdóttur og Friðriki Steingrímssyni.

Jón Ingvar Jónsson:

Um Friðrik og Sigrúnu sem eru eldri en ég: Ýmislegt ég lét mig hafa, mér líður á þessu uppistandi sem væri ég með ömmu og afa í æsku minni á Norðurlandi.

Svo skaut maður þessu á Friðrik: (sjá svar Friðriks hér neðar). Kristinn Reimars vel nú veit þó væri í fyrstu hissa að ráðning manns úr Mývatnssveit var meiriháttar skyssa.

Festarvísan mín var svona: Eftir böllin oft á laun eins og tíðkast víða ýmsir fóru út í hraun ungabörn að smíða.

Bæjarstjórabústaður: Að bæjarstjórum hér skal hyggja og húsakost þeim góðan fá,

þeir mega ekki úti liggja eða fara vergang á, væri ekki best að byggja blokk sem rúmar alla þá?

Knattspyrnuvísan:

Í Grindavík fátt er félegt þótt fólk sé ungt og glæst en knattspyrnuliðið er lélegt og líkast til fellur næst.

Og kearfan, Grindavík - ÍR:

Vera úti að aka og dotta ýmsum liðið fannst uns Bullock nef á Bartolotta braut og sigur vannst.

Sameining við Árna Sigfússon, m.a. vont fyrir bæjarsjóð:

Bæjarsjóður síst á von, sá mun verða ausinn því að Árni Sigfússon setur allt á hausinn.

Kvikun (Saltfisksetrið):

Inni á þessu Saltfisksetri sýnist mér að maður verði miklu betri en maður er.

Sigrún Haraldsdóttir:

Um Kristinn Reimarsson: Fólki sér um finger vefur, flestir dást að honum, gerla sést að gæinn hefur góðan smekk á konum.

Margir munu trega Festi:

Í Festi var úr miklu að móða og margt sem fyrir augu bar fólk þar kom að kanna og skoða kjötið sem í boði var.

Sameining sv.fél. á Suðurnesjum, yrði vanlegt til árangurs að fá Árna Sigfússon sem bæjarstjóra í Grindavík?

Þið eigið tæpast nokkra verri vöð og vitleysan hún yrði tæpast jöfnuð. Nóg er ykkar bæjarstjóra böll þótt bætist ekki Árni í þennan söfnuð.

Íþróttalíf, árangur ekki alltaf upp á marga fiska - sérstaklega ekki fótboltinn:

Fram vil ég leggja þá lausn ef ég má að þeir láti af sportinu senn, því fátt í heiminum sorglegra að sjá en seinheppna fótboltamenn.

Friðrik Steingrímsson:

Selja Festi:

Þar sem fyrir í þvögunni þreifing æsti gesti, sambönd verða úr sögunni selji bærinn Festi.

Út í hrauni ungmey lá af ástarþrá að springa, Kom víst undir þannig þá þorri Grindvíkinga.

Líkamsrækt.

Ef eftir söluferli frægt þeir Festi aftur stæli,

lifna mundi líkamsrækt og líka upp í bæli.

Bæjarstjórabústaðir:

Málin enda oft í hring það yrði kostur bestí, ef bæjarstjóra breiðfylking búið gæti í Festi.

Fótboltið:

Að Grindavík sé lélegt lið er ljótt af þér að segja. Er síga tók á sumarið þeir sigruðu eyjapeyja.

Samruni og hitaveitusjóður:

Í Keflavík er lokuð leið, um lausnir mætti þrasa, því sextíu ára sára neyð sjá þeir við sér blasa.

Gaman meira kann að kárna kemur enginn herliðsgróðinn. Mér finnst þið gefa ættuð Árna allan hitaveitusjóðinn.

Kristinn Reimars. svar til Jóns:

Kristinn Reimars vel það veit að veldur engu tjóni, því maðurinn úr Mývatnssveit er miklu fremri Jóni.

Lokavísan:

Þá er endað þetta geim og þreyttir gestir víða. Nú skulu allir halda heim, hátta og fara að ..sofa.



Dagur íslenskrar tungu á leikskólanum Laut

Krakkarnir á leikskólanum Laut héldu dag íslenskrar tungu hátíðlegan með því að bjóða foreldrum og forráðamönnum í heimsókn. Þar sungu þau nokkur íslensk lög af stakri þryði og greinilegt að miklar æfingar lágu að baki og sungu þau hátt og

snjallt, ekki síst í laginu **Hættu að gráta Hringaná.**

Að tillögu menntamálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands, haustið 1995, að 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði Dagur íslenskrar tungu. Í

framhaldi af því hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.



Fjölbreytt fjölsmiðja

Fjölsmiðjan er valgrein fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að æfa sig í ýmiss konar handverki. Málsmíðin er vinsæl og spennandi að reyna fyrir sér í log- og rafsúðu. Kenni er í eldra húsnæði sem er á bak við skólann og í byrjun hausts fór góður tími í að flikka upp á húsnæðið, mála og gera að innanstokksmunum.

Starfsemi fjölsmiðjunnar byggir á að koma til móts við nemendur sem hafa áhuga fyrir því sem tengist verklegum greinum og það má með sanni segi að áhuginn sé til staðar og verður áhugavert að sjá verkefnið þróast í framhaldinu.

Það er gaman að segja frá því að tekist hefur að kalla til fólki utan úr samfélaginu en það er m.a. tilgangurinn með fjölsmiðjunni. Heldri borgararnir Rún Pétursdóttir og Ingólfur Júlíusson hafa komið til okkar og spjallað og spáð og Rún bakað með nemendum og þá



hefur Einar Bjarnason sem rekur fyrirtækið EB þjónusta tekið fyrstu skrefin með nemendum í málsmíði. Á dagskránni er einnig að kynna tálgun og skartgripagerð.

Það eru kennararnir Benný Harðardóttir og Rósa Signý Baldursdóttir ásamt Pálma Ingólfsyni sem leiða þessa nýbreytni í skólafarfi grunnskólans.

STARFS- MAÐURINN



Þorgerður sér um launin

Nafn:

Þorgerður Guðný Guðmundsdóttir

Starfsheiti:

Deildarstjóri launadeildar

Hversu lengi hefur þú unnið hjá Grindavíkurbæ?

Ég hóf störf 12. ágúst 1993 og er því búin að starfa í rúm 18 góð ár hjá Grindavíkurbæ.

Í hverju felst starfið?

Ég hef umsjón með launkerfum og held utan um gögn starfsmanna Grindavíkurbæjar sem tilheyra launaútreikningum. Reikna út laun, en á launaskrá eru um 200 manns sem taka laun eftir 22 kjarasamningum auk nefndafólks og slökkviliðs. Sinni svo skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna auk þess að aðstoða við gerð ráðningarsamninga og túlkun kjarasamninga. Vinn einnig aðeins fyrir Tæknideildina við lóðarskráritun og skráningu.

Hvað er skemmtilegast við starfið?

Hvað það er fjölbreytt og krefst mikilla samskipta við fólk, bæði launþega og aðra.



Snjóþungur desember

Desembermánuður hefur verið snjóþungur í Grindavík og snjóruðningstæki ekki haft undan á köflum. Alls eru 5-6 tæki í snjómokstri. Í forgangi eru aðalumerðargötur þannig að fært sé að Grindavíkurvegi, skólum, leikskólum, slökkviliðsstöð, heilbrigðisstofnun, niður að höfn, og ákveðinn öryggishring sem nýtist flestum bæjarbúum. Hér má sjá þegar mokað var frá slökkvistöðinni í síðustu viku.

ATVINNA Í BOÐI



GRINDAVÍKURBÆR

Leiðbeinandi við félagsmiðstöðina Þrumuna

Grindavíkurbær auglýsir hér með eftir leiðbeinanda til að starfa við félagsmiðstöðina Þrumuna vorið 2012. Starfstímabil er frá 2. janúar til 10. maí. Leitað er að einstaklingi 20 ára og eldri sem hefur;

- ríka þjónustulund,
- góða skipulagshæfileika, getur unnið sjálfstætt og tekið frumkvæði,
- góða hæfni í mannlegum samskiptum og síðast en ekki en síst
- reynslu og ánægju að því að vinna með börnum og unglingum.

Vinnutími er seinni part dags og fram á kvöld flesta virka daga. Unnið er á vöktum. Leiðbeinandi sér um að skipuleggja og undirbúa dagskrárliði í samvinnu við Þrumuráð og í samráði við sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Grindavíkur. Nánari upplýsingar um störfín veitir Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar í síma 420 1100, netfang: kreim@grindavik.is

Umsækjendur fylli út umsóknareyðublað sem er að finna á heimasíðu bæjarins (Umsókn um starf hjá Grindavíkurbæ) og skili á bæjarskrifstofu Grindavíkur í síðasta lagi föstudaginn 16. desember n.k.

Laus störf hjá félagsþjónustunni í Grindavík

Félagsþjónustan í Grindavík óskar eftir fólki til starfa við liðveislu og jafnframt eftir stuðningsfjölskyldum:

Óskað er eftir fólki til starfa við liðveislu

Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð við fatlaða sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Athygli er vakin á að störf liðveitenda eru metin til eininga í Fjölbrotarskóla Suðurnesja.

Óskað er eftir stuðningsfjölskyldum

Stuðningsfjölskylda vinnur samkvæmt skilgreiningu barnaverndar og/eða málefnum fatlaðra.

Að vera stuðningsfjölskylda felur í sér að taka á móti barni á einkaheimili í því skyni að tryggja öryggi barnsins, létta álagi af því og fjölskyldu þess og leiðbeina foreldrum og styðja þá í uppeldinu.

Upplýsingar veitir Björg Ólöf í síma 420 1100.

Kveikt á jólatrénu

Kveikt var á jólatré Grindavíkurbæjar á Landsbankatúninu á öðrum sunnudegi adventu í blíðskapaveðri en enginn lét það á sig fá þótt kalt hafi verið í veðri.

Yngri kynslóðin var dugleg að mæta enda beið ungvíðið spennu eftir hver þeirra jólasveina-bræðra myndi mæta á svæðið. Að þessu sinni var það Hurðaskellir sem mætti með miklum látum!

Bryndís Gunnlaugsdóttir forseti bæjarstjórnar flutti ávarp og tendraði tréð og nemendur úr Tónlistarskóla Grindavíkur spiluðu nokkur lög í tilefni dagsins.

En Hurðaskellir átti svæðið og hann tók nokkur hressileg jólalög og endaði að sjálf-sögðu með uppáhaldslagi jólasveinanna, Ég sá mömmu kyssa jólasvein? Lagði söng hann með miklum tilþrifum.



Myndlistasýning nemenda

Unglingaskóladeildir Grunnskóla Grindavíkur fengu sér göngutúr á dögnum og fóru í Verslunarmiðstöðina. Tilefnið var, fyrir utan heilsubót göngutúrsins, að líta á sýningu sem sett hefur verið upp af nemendum úr valnámskeiði í myndmennt sem er í boði á unglíngastigi.

Sýningin *Hús* er afrakstur af vinnu nemenda á valnámskeiðinu. Vinnan var lögð upp með því að velja sér hús í Grindavík, taka af því mynd, teikna á striga og mála með akrýllitum.

Nemendur hafa margir hverjir lagt mikla alúð í verkið og kynntu verk sín með stolti í verslunarmiðstöðinni.

Í valnámskeiðinu hefur ýmislegt verið gert. Listakonan Þórdís Danielsdóttir kom sem gestakennari í tíma og kynnti ýmislegt skemmtilegt fyrir nemendum og Helga Kristjánssdóttir opnaði listastofuna til að sýna nemendum. Þá fengu nemendur að spreyta sig með olíulíti á þessu námskeiði.



Íbúafundur um stöðu bæjarins og fjárhagsáætlun næsta árs

Fimmtudaginn 8. desember sl. var haldinn íbúafundur um fjárhagslega stöðu bæjarins og fjárhagsáætlun næsta árs. Fundurinn var haldinn á milli fyrri og seinni umræðu í bæjarstjórn um fjárhagsáætlun en þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert. Róbert Ragnarsson bæjarstjóri hafði framsögu.

Fram kom í máli hans að kynningarfundir voru haldnir með öllum starfsmönnum við undirbúning fjárhagsáætlunar og kallað eftir þeirra hugmyndum og sjónarmiðum. Öll bæjarstjórnin kom jafnframt að vinnunni en í fyrra var það bara bæjarráð og tókust þessar breytingar mjög vel.

Fram kom hjá Róbert að Grindavíkurbær hefur allar forsendur til þess að vera best setta sveitarfélag landsins. Eftir uppgreiðslu nærri allra skulda eru skuldir Grindavíkurbæjar hverfandi. Eignastaða er mjög góð en bærinn á allar eignir eftir uppkaup á Króki. Í hitaveituskjóðnum eru nú um 1.300 millj. Halli var á rekstri bæjarins árin 2009, 2010 og 2011. Verkefni bæjarstjórnar er að snúa rekstrinum við þannig að skatttekjur og þjónustutekjur málaflökka dugi fyrir rekstri en ekki er nema 4-5 ár síðan reksturinn var í ágætis jafnvægi. Miðað við það sem fram kom ættum við að ná jafnvægi 2013 ef allt gengur að óskum.

„Grindavíkurbær hefur allar forsendur til að vera best setta sveitarfélag landsins. Það vantar



Framtíðin er björt í Grindavík. Myndina tók Hjálmar Haraldsson á dögnum af ungvíðinu leika sér í snjónum.

herslumuninn í rekstrinum,“ sagði Róbert.

Allt bendir til þess, skv. drögum að fjárhagsáætlun, að Grindavíkurbær sé að ná markmiði 2012 sem sett var á bæjarstjórnarfundum í nóvember 2010. Stefnan er að setja mikla innspýtingu í efnahagslífið 2012 og 2013 samhliða því að ná rekstrarjafnvægi. Þá ættum við að eiga fyrir rekstri nýrra mannvirkja frá 2013.

Gert er ráð fyrir að stöðugildum fækki á næsta ári en vonast er til þess að ekki komi til uppsagna heldur muni það nást á starfsmannaveltu yfir árið. Má gera ráð fyrir að starfsmönnum

verði boðið að færa sig til milli starfa hjá bænum. Bókasöfn verða sameinuð þegar nýtt húsnæði verður tilbúið og tónlistarskóli fluttur undir sama þak og grunnskólinn. Fjárfestingar fyrir um 400 milljónir verða á ári 2012 og 2013 sem má lesa nánar um á bls. 11.

Þá kom fram að 2012 ætti að vera síðasta ár í niðurskurði ef allt gengur að óskum.

Síðari umræða fjárhagsáætlunar verður 21. desember og fyrri umræða um 3 ára áætlun. Hægt er að senda bæjarstjórn tillögur og hugmyndir fyrir 14. des á robert@grindavik.is

Sigurður nýr hafnarstjóri

Sigurður Arnar Kristmundsson hefur verið ráðinn nýr hafnarstjóri og tekur hann við störfum um áramót þegar Sverrir Vilbergsson hættir þar sem hann er kominn á aldur.

Sigurður er með 3. stigs skipstjórnarréttindi, löggildingu vigtarmanns og réttindi hafnsögumanns og hefur gilt skírteini hafnsögumanns fyrir Grindavíkurhöfn. Hann starfaði sem hafnsögumaður og hafnarvörður hjá Grindavíkurhöfn á árunum 1999 til 2005 og leysti þá m.a. hafnarstjóra af. Undanfarin misseri hefur hann starfað sem verslunarstjóri N1 í Grindavík.

Sigurður segist fullur tilhlökkunar að takast á við nýtt og krefjandi starf sem hafnarstjóri. Hann segist þekkja vel til hvað bíður hans en starfið sé spennandi og fullt af skemmtilegum áskorunum og verkefnum sem bíða. Alls bárust 12 umsóknir um starfið og lagði hafnarstjórn til, eftir að hafa tekið viðtöl við þrjá umsækjendur, að Sigurður Arnar yrði ráðinn og var það samþykkt af bæjarstjórn.



Sverrir Vilbergsson fráfarandi hafnarstjóri og Sigurður Arnar Kristmundsson verðandi hafnarstjóri.